

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 81 12. febrúar 1979.

2. gr. liður 21. orðist þannig:

2.1 29.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.

3. gr. liður 3.1 orðist þannig:

3.1 22.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.

4. gr. liður 4.1 orðist þannig:

4.1 28.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 132.

26. febrúar 1979.

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Dýralæknafélags Íslands.

Frá og með 1. mars, 1979, hækkar gjaldskrá Dýralæknafélags Íslands um 6.90% til samræmis við almenna launahækkun.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar, 1979.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 133

27. mars 1979.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja.

Með tilvísun til 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 15.5% hækkun á gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja nr. 369 4. október 1978 frá og með 1. apríl 1979. Hækkun þessi kemur til viðbótar 4.51% hækkun verðjöfnunar-gjalds skv. lögum nr. 6/1979.

Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.